
Bryggja við Alviðruhamra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 18. mars 2025 barst Skipulagsstofnun matsáætlun EP Power Minerals Iceland ehf. vegna umhverfismats á framkvæmdum við Bryggju við Alviðruhamra, Skaftárhreppi og Mýrdalshreppi samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 2.01, 10.07 og 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Lands og skógar, Landhelgisgæslu Íslands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Samgöngustofu, Umhverfis- og orkustofnunar og Vegagerðarinnar um matsáætlun framkvæmdaraðila.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 19. mars 2025 og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 18. mars til 16. apríl 2025.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Bryggja við Alviðruhamra, Matsáætlun. Efla verkfræðistofa 26. febrúar 2025.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Mýrdalshreppi dags. 16. apríl 2025,
- Hafrannsóknastofnun dags. 16. apríl 2025,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 14. apríl 2025,
- Landi- og skógi dags. 16. apríl 2025,
- Landhelgisgæslu Íslands dags. 14. apríl 2025,
- Minjastofnun Íslands 16. apríl 2025,
- Náttúrufræðistofnun dags. 14. apríl 2025,
- Náttúruverndarstofnun dags. 7. apríl 2025,
- Samgöngustofu dags. 15. apríl 2025,
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 16. apríl 2025,
- Vegagerðinni dags. 15. apríl 2025.

Einnig bárust umsagnir frá:

- Svavari Garðarssyni dags. 31. mars 2025,
- Samtökum ferðaþjónustunnar dags. 14. apríl 2025,
- Kötlu jarðvangi dags. 16. apríl 2025,
- Landvernd dags. 16. apríl 2025,
- Eldvötnum, samtökum um náttúruvernd í Skaftárhreppi, dags. 14. apríl 2025.

Ekki barst umsögn frá Skaftárhreppi.



Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 2. júní 2025.

3 Framkvæmd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform EP Power Mineral Iceland ehf. um flutning vikurs frá efnistökusvæðinu við Háöldu, austan Hafurseyjar á Mýrdalssandi í Mýrdalshreppi að Alviðruhömrum, Skaftárhreppi og mannvirkjagerð á svæðinu til útskipunar efnisins, og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Forsaga

Kynnt áform tengjast hugmyndum um vikurnám austan Hafurseyjar. Árið 2002 var unnið mat á umhverfisáhrifum fyrir vikurnám og lauk því ferli með úrskurði Skipulagsstofnunar 26. ágúst 2002. Mat á umhverfisáhrifum var síðar endurtekið dags. 6. júní 2023, þar sem áætluð efnistaka var 146.000.000 m³. Á þeim tíma var eina raunhæfa leiðin til að koma efninu úr landi að flytja það eftir þjóðvegum á Suðurlandi til Þorlákshafnar og þaðan sjóleiðina til meginlands Evrópu. Helstu athugasemdir þá snéru að vegflutningum og mættu þeir mikilli andstöðu. Var framkvæmdaraðili hvattur til þess, bæði af sveitarfélögum á svæðinu og einkaaðilum, að kanna möguleikann á því að gera nýja bryggju við suðurströndina nær efnistökusvæðinu.

Áform

Áformin sem nú er lagt upp með felast í flutningi á vikri frá efnistökusvæði austan Hafurseyjar að Alviðruhömrum á austanverðum Mýrdalssandi allt að 18 km leið, þar sem reist verða hafnarmannvirki til að standa að útskipun. Að bryggjunni við Alviðruhamra verður vegur yfir sandinn frá efnistökusvæðinu á Háöldu við Hafursey. Byggður verður viðlegukantur við Alviðruhamra á austanverðum Mýrdalssandi. Utan við bryggjuna verður um 1 km langur brimvarnargarður til að skýla mannvirkjunum fyrir öldugangi. Brimvarnargarðurinn verður á 16-20 m dýpi og þarf um 3.000.000 m³ af grjóti, þar af er áætlað að um 500.000 m³ verði steypar einingar. Grjót í varnargarðinn verður fengið að hluta í nágrenninu. Með því að stytta flutningsleið vikursins frá því sem áður var áformað er talið að hægt verði að auka vinnslugetuna og flytja út um 5.000.000 tonna (7.150.000 m³) árlega, jafnvel meira.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar EP Power Mineral Iceland ehf.

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.



Valkostir

Í matsáætlun EP Power Mineral Iceland ehf. kemur fram að fjallað verði um mismunandi leiðir til að flytja efnið frá námu að söfnunarsvæði við Alviðruhamra, þ.e. með færibandi, vagnlest eða námuvörubílum. Tvær útfærslur verða um gerð brimvarnargarðs utan við bryggjuna, þ.e. hefðbundinn grjótgarður eða steyptar einingar. Aðrir valkostir sem mögulega koma til greina verða önnur útfærsla á bryggjunni og möguleiki þess að grjót verði sótt sjóleiðina til Þorlákshafnar í stað efnistökusvæða á landi í grennd. Þeir valkostir sem metnir verða raunhæfir af framkvæmdaraðila verða teknir til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að niðurstöður jarðfræðirannsóknar vorið 2025 voru þær að grjót við bæinn Mýrar reyndist ekki jafn gott og vonast hafði verið, það verður því ekki grjótnám þar vegna framkvæmdarinnar. Aðrir valkostir séu að gera brimvarnargarðinn úr steypum einingum eða þá að fá grjót frá Þorlákshöfn og/eða Helguvík, en á þeim stöðum hefur fallið til mikil af grjóti við jarðvinnuframkvæmdir síðustu árin. Nokkuð ítarlega var fjallað um steypu einingarnar í matsáætlun, en minna um grjótflutninga frá Þorlákshöfn/Helguvík. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um báða þessa kosti ef þeir reynast raunhæfir. Líkur á því að brimvarnir verði að mestu útfærðar í formi steyptra eining hafa aukist mikið, og þar með aukast líkur á að ekki þurfi að gera vinnuhöfn við Alviðruhamra.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og helstu ástæðum fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.

Lífriki á landi, vistgerðir og gróður

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að gróður og fuglalíf á framkvæmdasvæðinu verði rannsakað. Farnar verði minnsta þrjár vettvangsferðir á svæðið, tvær fyrrihluta sumars til að athuga með fuglalíf, og svo ein þegar liðið sé á sumar til að athuga með gróður.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á mikilvægi þess að gerð verði grein fyrir vistgerðum, gróðri og fuglum, innan framkvæmdasvæðisins, auk þess sem kanna þurfi mikilvægi svæðisins fyrir útbreiðslu og fæðuöflun sjófugla t.d. á varptíma sem og að vetri til.

Í umsögn Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi er bent á að við áhrifasvæði framkvæmdarinnar sé að finna kjörsvæði fugla, þar á meðal blesgæsir, sem séu á valista og skilgreindar sem tegund í hættu. Eins hafi skúmavarp verið þétt á Meðallandsfjöllum. Skúmurinn sé í sögulegri lægð. Þessar vísbendingar frá grannsvæðinu í austri telja Eldvötn ríka ástæðu til að líta til við rannsóknir á áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf. Suðurströndin sé mikilvæg farleið fugla. Eldvötn velja því upp hvort rannsókn sem einungis nái yfir sumartímann taka til alls þessa, og bendir á þörf fyrir að hún nái út yfir sumartímann. Eldvötn benda sérstaklega á að ef hugmyndir séu um framkvæmdir í grennd við votlendið að Mýrum, þurfi að rannsaka það svæði sérstaklega m.t.t. fuglalífs.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að breytingar verði gerðar á rannsóknaráætlun varðandi fuglarannsóknir, þ.e. varpfuglaathugun verði gerð um miðjan júní auk þess sem hugað verði að gróðri og fuglatalningu í fjöru. Gróður og vistgerðir verði kannaðar um miðjan júlí og talningar á fuglum frá fjörunni verða mánaðarlega frá maí til október. Sjófuglar verða ekki taldir yfir háveturinn vegna erfiðs aðgengis. Í öðru lagi sé öldugangurinn yfir veturinn meiri og að ætla að telja fugla á sjónum í allt að tveggja kílómetra fjarlægð gefi afar takmarkaðar niðurstöður. Í þriðja lagi séu engar sjófuglabýggðir á svæðinu og ekkert fast land fyrir t.d. æðarfugla. Sjófuglar séu því líklega tilviljanakennt á svæðinu í leit að fæðu meðfram ströndinni.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áform framkvæmdaraðila varðandi umfjöllun og mat á áhrifum á vistgerðir og gróður. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að vettvangsathugun fari fram



á gróðri og vistgerðum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun, þar sem kanna þarf mikilvægi svæðisins fyrir útbreiðslu og fæðuöflun sjófugla t.d. á varptíma sem og að vetri til og gera grein fyrir og leggja mat á möguleg áhrif á fuglalíf.

Lífriki sjávar og í ferskvatni

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir því að taka sýni við rannsóknir á botndýralífi. Í heild verði teknar 9 sýnatökustöðvar og fjögur sýni á hverri stöð, eða 36 sýni í allt. Fjallað verður um áhrif á seli og fiska og fiskveiðar í sjónum út frá fyrirbyggjandi gögnum, m.a. selatalningum Náttúrufræðistofnunar og rannsóknum Hafrannsóknarstofnunar, en vestan við framkvæmdasvæðið úti fyrir Hjörleifshöfða og Mýrdal voru tvær stöðvar á 16-30 m dýpi í flatfiskaralli Hafrannsóknarstofnunar sem rannsakaði flatfiska á sandbotni umhverfis Ísland¹.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar er bent á að framkvæmdin geti haft möguleg áhrif á fjölmarga umhverfispætti s.s. á haffræði, lífríki í ferskvatni, botndýrasamfélög, fiskisamfélög, loðnu og seli. Að mati stofnunarinnar þarf yfirstandandi umhverfismat að gera grein fyrir og leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á viðkomandi umhverfispætti. Í ljósi þess að miklar breytingar eru boðaðar á svæðinu og því sé einnig nauðsynlegt að vakta þær ef af framkvæmdum verði. Stofnunin lýsir einnig áhyggjum varðandi flutning ágengra framandi tegunda sem gætu borist með efnisflutningaskipum til landsins.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að þörf sé á að kanna hvort um séu að ræða hrygningar- og/eða uppeldissvæði fiskitegunda. Eins þarf að skoða botndýrasamfélag og gera grein fyrir tegundafjölbreytni.

Að mati Skipulagsstofnunar þarf að greina og leggja mat á áhrif framkvæmdanna á lífríki áhrifasvæðisins, umfang áhrifanna og afleiðingar þeirra. Nauðsynlegt er að upplýsa um hrygningarsvæði, uppeldisstöðvar sjávarlífvera eða mikilvæg fæðusvæði fyrir aðrar lífverur sbr. umsögn Hafrannsóknarstofnunar. Gera þarf grein fyrir mögulegum áhrifum þess sem losun kjölfestuvatns getur haft og hvort vöktun verði viðhöfn m.t.t. þessa.

Setflutningar og strandrof

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að Hafnadeild Vegagerðarinnar hafi skoðað ýmsar útfærslur af grjóttgarðinum, bæði hvað varðar stærð og lögun og danska sérfræðifyrirtækið DHI Group verði fengið til að yfirfara og gera sín eigin líkön, þar á meðal til að athuga hættu á sandsöfnun við garðinn. Í umhverfismatsskýrslu verði ítarleg umfjöllun um tilhögun og hönnun á bryggjumannvirkjum.

Í umsögnum Hafrannsóknarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar er bent á að kanna þurfi áhrif bryggju og varnargarðs á strauma, öldur, setflutninga, setsöfnun og mögulegt strandrof. Eins þurfi að gera grein fyrir áhrifum þess að fyrirhugað sé að gera skarð í sandrifið úti fyrir ströndinni og hvort það geti breytt núverandi ástandi sjávar s.s. setflutningum eða straumum. Hafrannsóknarstofnun bendir einnig á að tilefni sé að bera saman hönnunarvalkosti bryggjunnar og áhrif af gerð varnargarðs á öldur, endurkast aldna og útskolun á hafsbotni sem gæti haft áhrif á endingu varnargarðs sem og siglingaöryggi.

Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að áhrif framkvæmdanna á öldufar, sjógang í og við Alviðruhamra og breytingu á strandrofi verði metin. Gera þarf grein fyrir því í umhverfismatsskýrslu hvort og þá hvernig náttúrulegir ferlar breytist við framkvæmdina sbr. ofangreindar umsagnir.

¹ Guðjón Már Sigurðsson og Jónbjörn Pálsson, 2018. *Grunnslóðarall - Helstu niðurstöður 2017*. Hafrannsóknarstofnun, Reykjavík.



Jarðmyndanir

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að hluti framkvæmdasvæðisins sé sandorpið hraun sem falli undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga. Jarðrannsóknir munu fara fram á og þeim efnistökusvæðum í tengslum við framkvæmdirnar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að Eldgjárhraunið sé sögulegt hraun og þrátt fyrir að vera sandborið hafi það hátt verndargildi. Gervigígar í Álftaveri séu alþjóðlega mikilvægir vegna fágætis. Full þörf sé að kortleggja vel útbreiðslu gervigíga á svæðinu þar sem þeir ná út fyrir mörk friðlýsta svæðisins. Svartir sandar myndaðir við jökulhlaup þykja einstakir á heimsvísu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áform framkvæmdaraðila varðandi umfjöllun og mat á áhrifum á jarðmyndanir, en tekur undir með Náttúrufræðistofnun að í umhverfismatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir útbreiðslu gervigíga í Álftaveri þar sem fyrir liggir að gígarnir nái út fyrir núverandi friðlýst svæði.

Vatnshlot

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að áhrifasvæði framkvæmdarinnar sé innan fjölmargra vatnshlota, þ.e. grunnvatns-, straumvatns- og strandsjávarhlota og mun því verða svarað í umhverfismatsskýrslu hvaða áhrif framkvæmdin mun hafa á vatnshlot á svæðinu og hvort hætta sé á því að þau falli um ástandsflokk. Umhverfismat efnistökkunnar við Háöldu fór fram áður en farið var að krefjast sérstakrar umfjöllunar um vatnshlot skv. lögum um stjórn vatnamála. Blautakvísl sprettur úr lindum sem koma undan Háöldu og gæti efnistakan því mögulega haft áhrif á vatnshlotið. Auk þess mun flutningsleiðin frá námunni þveri eina af þremur upptakakvískum árinna. Í ljósi þess mun framkvæmdaraðili láta rannsaka grunnástand Blautukvísklar svo hægt sé að vakta í framtíðinni hvort að framkvæmdir muni hafa áhrif á vatnshlotið og þá bregðast við á viðeigandi hátt.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verður umfjöllun um áhrif á öll vatnshlot sem tengjast framkvæmdinni, bæði á landi og í sjó.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áform framkvæmdaraðila varðandi umfjöllun og mat á vatnshlot, en bendir á að áhrifamatið þarf að vinna í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar².

Landslag og ásynd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að mannvirkin á Alviðruhömrum munu breyta ásynd svæðisins sem í dag er bara auður sandur. Helstu ásyndaráhrifin, og þau sem snerta flesta, séu þar sem flutningsleiðin frá námu að bryggju þveri þjóðveg 1. Teknar verða ljósmyndir af svæðinu, bæði af jörðu niðri og úr lofti og verða gerðar líkanmyndir sem sýna mögulegt útlit mannvirkja. Að öðru leyti verður stuðst við fyrirbyggjandi gögn, t.d. flokkun og kortlagning landslagsgerða á Íslandi og greiningu og kortlagningu óbyggðra víðerna á landsvísu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að landslagið frá ströndinni við Alviðruhamra í átt að Mýrdalsjökli sé stórbrotið og einstakt. Beinn og upphækkaður vinnuvegur, eða færiband, ásamt raflínnumöstrum munu hafa neikvæð áhrif á landslag. Lýsing við hafnarmannvirki mun hafa áhrif á landslag. Þá fellur svæðið undir skilgreiningu um óbyggð víðerni og þarf að gera grein fyrir skerðingu þeirra.

Um er að ræða framkvæmd sem er mikil að umfangi. Leitast þarf við að gera grein fyrir þeim áhrifum eins og kostur er, m.a. á ásynd og yfirbragð svæðisins. Skipulagsstofnun leggur áherslu á

² Umhverfis- og orkustofnun. Áhrifamat fyrir vatnshlot. <https://vatn.is/haf-og-vatn/stjornvatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>



að við mat á sjónrænum áhrifum þurfi að tryggja vandaða myndræna framsetningu og velja þarf tiltekin sjónarhorn með rökstuðningi þaðan sem sýndar eru myndir í umhverfismatsskýrslu sem sýna núverandi ásýnd. Síðan þarf að leitast við eins og kostur er að sýna hvernig ásýnd svæðisins kann að breytist á líftíma framkvæmdarinnar.

Fornminjar

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að stór hluti framkvæmdasvæðisins sé svört sandauðn og hefur hluti þess farið illa út úr Kötluhlaupum fortíðar. Ströndin hefur svo verið mótuð af brimi og óheftum öldugangi. Ólíklegt sé að mannvirki við Alviðruhamra hafi mikil áhrif á fornminjar en möguleg efnistaka við Mýrar í Álftaveri gæti gert það. Fornleifarannsóknir verði á svæðinu sumarið 2025 og mun umfjöllun í umhverfismatsskýrslu að mestu leyti byggjast á niðurstöðuskýrslu hennar.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að skráning fornleifa þarf að ná yfir allar tengdar framkvæmdir og áhrifasvæði þeirra, eins og t.d. vegi, jarðstrengi, námur og annað sem valdið getur raski á fornleifum, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar. Stofnunin vekur einnig athygli á því að við vernd menningarminja er í auknu mæli horft til varðveislu menningar- og búsetulandslags og sjónrænna áhrifa framkvæmda á það.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við mat á áhrifum á fornleifar, eins og þeim er lýst í matsáætlun og svörum framkvæmdaraðila við umsögnum Minjastofnunar Íslands, að því gefnu að skráning forleifa nái einnig til þeirra svæði sem fram koma í umsögn Minjastofnunar.

Loftgæði og hljóðvist

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að reglulega sé sandfok á Mýrdalssandi af náttúrulegum orsökum og mögulegt sé að vinnsluefni fjúki og bætist við það þegar vindstyrkur er mikill. Til standi að prófa í vindgöngum viðloðun og við hvaða vindstyrk efnið byrjar að hreyfast. Notast verður við veðurgögn við hönnun á geymslusvæði til að það sé samliggjandi ríkjandi vindáttum. Jafnframt verður stuðst við reynslu af vegflutningum á Íslandi við að meta rykmyndun og hljóðvist.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að mikilvægt sé að áhrif af sandfokinu verði skoðuð í umhverfismatsskýrslu og samlegðaráhrif með sandfoki sem nú þegar sé á Mýrdalssandi af náttúrulegum orsökum. Skoða þarf áhrif sandfoks á loftgæði á svæðinu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við mat á áhrifum á loftgæði og hljóðvist eins og þeim er lýst í matsáætlun framkvæmdaraðila.

Náttúruvá

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að fyrir utan ofsaveður og öldugang sé mögulegt jökulhlaup úr Kötlu helsta ógnin sem steðjar að mannvirkjum á Alviðruhömrum. Eldgjárhraun, og þar með Bólhraun og Alviðruhamrar, liggja þó hærra en sandurinn í kring og því séu mannvirkin á Alviðruhömrum í töluverðu skjóli frá helstu hlaupleiðum. Komi stórt Kötluhlaup verður þó óhjákvæmilega tjón á flutningsleiðinni milli námu og bryggju.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að skoða möguleg hlaup í mati á umhverfisáhrifum og þá skuli einnig horfa til þeirra setflutninga sem munu eiga sér stað meðfram ströndinni. Geta þeir flutningar gert mannvirkin ónothæf, verður hægt að bjarga þeim og þá með hvaða hætti. Ekki bara horfa á hlaupið sjálft heldur líka afleiðingar þess til lengri tíma.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ítarlegt áhættumat muni fara fram áður en til framkvæmda komi.



Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við að greina frá mögulegri náttúruvá eins og henni er lýst í matsáætlun framkvæmdaraðila. Hins vegar bendir stofnunin á að fram kemur í reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana að í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila skal m.a. eftirfarandi koma fram eftir umfangi og eðli framkvæmdar: Mat á líklegum umtalsverðum umhverfisáhrifum framkvæmdar sem meðal annars stafa af náttúruhamförum. Við mat á mögulegum skaðlegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sem leiða af næmi framkvæmdarinnar fyrir stórslysum og/eða náttúruhamförum, er heimilt að nota viðeigandi upplýsingar sem liggja fyrir og eru fengnar með áhættumati sem farið hefur fram á grundvelli reglugerðar um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna eða viðeigandi mats sem farið hefur fram á grundvelli annarra laga. Koma skulu fram upplýsingar um þær ráðstafanir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir eða draga úr umtalsverðum áhrifum slíkra atburða.

Annað

Í matsáætlun framkvæmdaraðila varðandi umfang áformaðrar efnistöku er notast við rúmmáls- og þyngdareiningar til þess að lýsa því magi sem nýta á og flytja. Skipulagsstofnun telur að betur fari á að samræmis gæti í framsetningu og óskar því eftir að rúmmálseiningin „m³“ verði notuð þegar umfang er tilgreint í stað tonna fjölda.

Reykjavík, 3. júlí 2025

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson

